

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Garðastígur 2A á Flúðum.*

Um er að ræða óverulega breytingu sem tekur til afmörkunar og stækkunar á byggingarreit lóðarinnar.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. september 2023.

*Deiliskipulag, Miðfell 7.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir stofnun lögbýlis, ásamt byggingu íbúðarhúss, hesthúss og tengdra mannvirkja.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. september 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 29. september 2023.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 13. október 2023